

Rangárþing bs
Rúnar Guðmundsson
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
27. okt. 2010 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. október 2010
Tilvísun: UST20100700129/jbw

Tillaga að deiliskipulagi skálasvæðis við Hvanngil að Fjallabaki syðra

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 15. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis við Hvanngil að Fjallabaki syðra.

Almennt um deiliskipulagssvæðið

Ferðafélag Íslands átti frumkvæði að gerð deiliskipulags þjónustusvæðis við Hvanngil í samráði við Rangárþing ytra. Markmið deiliskipulagsins er að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu svo að hún verði í sátt og samlyndi við náttúruna og komi til móts við töluverða aukningu á ferðamannastraum um svæðið. Fram til þessa hefur ekkert heildarskipulag legið fyrir um svæðið. Deiliskipulaginu er ætlað að bæta úr því og um leið að tryggja að eðlileg viðbót og endurnýjun geti átt sér stað á núverandi húsakosti og aðstöðu.

Skálasvæðið við Hvanngil að Fjallabaki syðra er innan svæðis miðhálandisins og fellur því undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Náttúrufar og náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er um 3 km suður af Álftavatni við Fjallabaksleið syðri. Skálasvæðið er við jaðar mikillar hraunbreiðu, Hvanngilshrauns, sem talið er ættað út eldstöð undir Mýrdalsjökli. Deiliskipulagssvæðið er innan náttúruverndarsvæðis nr. 761 *Emstra og Fjallabak* í náttúruminjaskrá. Engar friðlýstar náttúruminjar eru innan deiliskipulagssvæðisins.

Mannvirkjagerð

Deiliskipulagssvæðið nær til 2 ha svæðis við Hvanngil sem staðsett er norðaustan við

Stóru-Súlu á Fjallabaksleið syðri og er gert ráð fyrir alls 5 byggingarreitum innan þess. Innan svæðisins eru nú fjórir byggingareitir það er gistiskáli með svefnlofti á reit S-1, reistur árið 1994, hesthús með gistilofti á reit S-2, reist árið 1963, skálavarðahús á reit V-1, byggt árið 1993, og salernishús á reit WC-1, byggt árið 1996. Á nýjum byggingarreit, WC-2, er fyrirhugað að byggja nýtt salernishús 50 m² að grunnflatarmáli. Heildarbyggingarmagn deiliskipulagssvæðisins er í dag um 172 m² að grunnfleti en getur orðið allt að 430 m² samkvæmt deiliskipulagstillögunni. Samkvæmt tillögunni er heimilt að stækka grunnflatarmál skálavarðahúss úr 20 m² í allt að 100 m² og gistiskála úr 79 m² í allt að 130 m². Heimilt er að endurbyggja og stækka hesthús, sem er nú 64 m², í 100 m² að grunnflatarmáli, og að stækka 14 m² salernishús við skálavarðahúsið í 50 m². Einnig er heimilt að reisa allt að 50 m² vindskýli á tjaldsvæðinu við hesthúsið með vaski og einfaldri eldunar- og grillaðstöðu, að hluta yfirbyggt en telst þó opið. Auk þess er samkvæmt tillögunni heimild að reisa skjólveggi í tengslum við gistiskála, tjaldsvæði og sorpgáma.

Vegir og bílastæði

Í greinargerðinni kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að aðkomu að svæðinu í Hvannagili verði breytt né bílastæði stækkuð. Fært er jeppabifreiðum um Fjallabaksleið syðri (F-210) að Hvannagili og er akvegur að skálum greinilegur. Bílastæði eru afmörkuð með steinum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að komið verði í veg fyrir hættu á utanvegaakstri á svæðinu við Hvannagil. Í því sambandi er mikilvægt að öll bílastæði við mannvirki og tjaldsvæðin tvö verði vel afmörkuð.

Göngustígar, merkingar og upplýsingaskilti

Innan deiliskipulagssvæðisins er heimilt að merkja göngustíga og setja upp skilti með upplýsingum er varða öryggismál og viðbrögð við náttúruvá. Hluti þeirra verður á ensku. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að göngustígar verði vel afmarkaðir, einkum á svæðum með viðkvæmum gróðri og eldhrauni, svo hægt verði að koma í veg fyrir gróðurskemmdir og rask á jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Frárennsli og rotþrær

Frárennsli frá salernum, vaski og sturtu er og verður leitt í rotþró til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns. Ekki er talin þörf á að stækka í bráð núverandi rotþró sem er um 70 m norðan við núverandi salernishús. Gert er ráð fyrir rotþró við nýtt salernishús og verður fráveituvatn frá sturtu leitt í dreifilögn. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hvort að við stækkun eldra salernishúss þurfi að grafa fyrir nýjum frárennislögnum.

Neysluvatn

Kalt vatn er fengið úr vatnslind efst í gili í um 430 m fjarlægð frá gistiskálanum, norðan við hann, og er um 30 m hæðarmismunur þar á milli. Vatn úr lindinni er leitt í leiðslu í miðlunartank sem er um 60 m sunnar og þaðan í leiðslu að vöskum og sturtu á skálasvæði.

Rafmagn og fjarskipalofnet

Eitt 4-5 m hátt fjarskipalofnet er austan við gistiskálann. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er heimild að reisa allt að 10 m hátt fjarskipalofnet utan á eða ofan á hús til að efla öryggisbúnað. Einnig er heimilt að setja þokulúður eða skæran ljósabúnað á loftnet eða skála til að nota ef þykk þoka umlykur svæðið eða á neyðarstundum þegar leitað er að fólki. Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að loftnetið skuli hafa matta áferð, vera sem minnst sýnilegt og nær ósýnilegt í 1 km fjarlægð. Umhverfisstofnun bendir á að umfjöllun vanti um gerð fjarskipalofnets og um sjónræn áhrif þess (í kafla 6.8.6). Stofnun bendir á að ekki er fjallað um rafmagn í kafla 5.7 þrátt fyrir að það komi fram í kaflaheitinu.

Tjaldsvæði og skýli

Tjaldsvæði eru tvö á svæðinu, sunnan við gistiskála og við hesthús. Eins og áður hefur komið fram er fyrrnefnda tjaldsvæðið í litlum hraunbollum á sléttri flöt milli hraunjaðra Hvanngilshrauns, alls á um 800 m² svæði. Umhverfisstofnun bendir á að jarðmyndanir á borð við eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er (sjá nánar í kafla um náttúruvernd – áhrif á eldraun).

Á tjaldstæði við gistiskála hefur að hluta farið fram uppgræðsla með grósum, en þar er einnig mosi. Gróðurþekja á tjaldsvæðinu er viðkvæm sem og mosagróður á hrauni í grenndinni. Umhverfisstofnun bendir á að heppilegra sé að nota tjaldsvæðið við hesthúsið til framtíðar þar sem þekja grasa er þéttari og þolmeiri. Í öllu falli tekur stofnunin undir það að á álagstímum verði áhersla lögð á að beina ferðafólki á það tjaldsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi skýrt fram hvar fyrirhugað opið vindskýli á tjaldsvæði við hesthúsið verður staðsett. Stofnun mælist til þess að vindskýlið verði staðsett nálægt salernishúsi til að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu.

Sorp

Sorpi af umræddu deiliskipulagssvæði og frá fleiri stöðum á hálendinu er safnað saman og flutt á gámasvæði við Fjallabaksleið syðri (F-210) í um 400 m fjarlægð frá Hvanngili. Á gámasvæðinu er einnig gámur til geymslu á gashylkjum. Heimilt er að reisa skjólgirðingu framan við gámana og í því sambandi skal að mati Umhverfisstofnunar lögð áhersla á að frágangur skjólveggja og gáma verði með þeim hætti að sem minnst beri á þeim í landinu og að frágangur sorpgáma verði með þeim hætti að sem minnst lyktarmengun verði af þeim.

Mengunarhætta - áhrif á vatn

Hætta er á mengun vatns vegna frárennslis, sorps og hrossataðs. Umhverfisstofnun tekur undir það mat að áhrif á vatnsból og grunnvatn verði óveruleg og að deiliskipulagstillaga sé ekki talin leiða til aukinnar mengunar ef rétt er staðið að málum. Vatnsbólið er í lítilli mengunarhættu þar sem lindin liggur um 30 m ofar í landinu en svæðið og er vatnsverndarsvæðið vel skilgreint. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar „Litlar vatnsveitur“ frá júlí 2003. Hvað frárennslis og rotþrær varðar skal farið eftir kröfum í 13.3 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og siturlögnum frá þrónni skal komið fyrir með þeim hætti sem lýst er í leiðbeiningariti Umhverfisstofnunar frá janúar 2004 um

rotþrær og siturlagnir. Auk þess skal sorp fjarlægt reglulega af svæðinu og við förgun þess farið eftir kröfum í reglugerðum um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003. Einnig bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að svæðið sé vaktað með tilliti til hugsanlegrar vatnmengunar og að hrossatað verði fjarlægt á álgastímum og eftir þörfum.

Náttúruvernd - áhrif á eldhraun

Í umhverfisskýrslunni er ekki lagt mat á áhrif á eldhraun en þó er tekið fram að ekki sé þörf á að raska hrauni samkvæmt stefnu skipulagsins. Deiliskipulagssvæðið er í grennd við eldhraun, Hvanngilshraun, þar á meðal sérstæðar hraunhellur. Tjaldsvæðið við gistiskálann liggur í sléttri laut, hraunbollum, milli hraunjaðra. Svo virðist vera sem aðrir hlutað deiliskipulagssvæðið nái einnig eingöngu að hraunjaðrinum, fari ekki inn á hraunið. Hraunið telst til eldhrauna því það rann eftir lok síðustu ísaldar og er því yngra en 10.000 ára gamalt. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við stækkun gistiskála, salernishúss og í allri umgengni um tjaldsvæði, göngustíga og önnur svæði skuli þess vandlega gætt að raska ekki hrauninu. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga ef notaðar verða vinnuvélar við uppbygginguna. Jarðmyndanir á borð við eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Áhrif á gróður

Á deiliskipulagssvæðinu er víða mjög viðkvæmur hálendisgróður og engar upplýsingar liggja fyrir um hvort þar vaxi sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun er ekki sammála því mati að áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar deiliskipulagssvæðisins á gróður verði lítil sem engin eða óveruleg. Heildarbyggingarmagn er í dag er á um 172 m² grunnfleti og getur samkvæmt tillögunni orðið allt að 430 m². Ljóst er að við stækkun húsa, byggingar salernishúss, skýlis, skjólveggja, niðursetningu rotþróar og lagna í jörð mun gróður fara forgörðum og staðbundin áhrif á gróður verða því neikvæð. Að hluta má gera ráð fyrir að náttúrulegur gróður fari undir mannvirki en einnig uppgræðsla, einkum innan tjaldsvæða. Til að draga úr þessum áhrifum gerir Umhverfisstofnun kröfu um að allt jarðrask verði lagfært og fært í fyrra horf. Í því sambandi er mögulegt að varðveita gróðurþekju, geyma hana og leggja svo aftur yfir röskuð svæði. Stofnunin telur mikilvægt að notaðar verði staðbundnar tegundir gróðurs við uppgræðslu og jafnvel lífrænn áburður.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun tekur undir það að sjónræn áhrif meiri uppbyggingar við Hvanngil, stærri húsum og fleiri mannvirkja, verði neikvæð en afturkræf þar sem hægt er að flytja húsin með einföldum hætti og afmá ummerki. Stofnun tekur einnig undir að mikilvægt sé að útlit húsa/mannvirkja og form verði samræmt og telur nauðsynlegt að öll hús/mannvirki verði máluð í jarðlitum og falli sem best að landi. Einkum er mikilvægt að hesthús, sem nú er gult með rauðu þaki, og skær litir gámar verði málað í sama lit og önnur hús/mannvirki.

Áhrif á landslag

Umhverfisstofnun tekur undir það að stefna deiliskipulagstillögunnar muni hafa óveruleg áhrif á landslag frá því sem nú er í ljósi þess að á svæðinu eru hús og önnur mannvirki í dag. Stækkun húsa, nýtt salernishús, skýli og skjólveggir er ekki talin breyta umhverfi Hvanngils og nágrennis að ráði. Stofnunin er þó ósammála því að ekki sé þörf á jarðraski við stækkun


húsa og byggingar nýs salernishús, niðursetningu rotþróar og lagna í jörð eins og fram kemur í kafla 6.8.7. Umhverfisstofnun gerir kröfu um að allt jarðrask verði lagfært og fært í fyrra horf.


Niðurstaða

Deiliskipulagssvæðið er innan náttúruverndarsvæðis nr. 761 *Emstra og Fjallabak* í náttúruminjasrá. Ástæða verndunar er að svæðið hefur að geyma stórbrotið og fjölbreytt landslag og er vinsælt útivistarsvæði. Umhverfisstofnun telur að stefna deiliskipulagssvæðisins muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi náttúruverndarsvæðisins.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis við Hvanngil að Fjallabaki syðri.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weissappel
Sérfræðingur

Afrit sent á Skipulagsstofnun